

Ed.

766. Breytingartillaga

[231. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97/ 1979, um eftirlaun til aldraðra.

Frá Karli Steinari Guðnasyni og Salome Þorkelsdóttur.

1. gr. orðist svo:

Á eftir 25. gr. laganna komi ný grein, er verði 26. gr., svohljóðandi:

Frá og með 1. desember 1980 skulu þeir, sem réttar njóta skv. I. kafla laga þessara, fá viðbót er nemur 3 stigum umfram þann stigafjölda, sem önnur ákvæði þessara laga kveða á um.

Viðbót þessi tekur bæði til grunnlífeyris skv. I. kafla laganna og til sérstakrar uppbótar skv. 21. gr. laganna og skal borin uppi af ríkissjóði.

Viðbót skv. 2. gr. skerðir ekki þann rétt, sem 6. mgr. 12. gr. segir til um.

Þegar um er að ræða rétt skv. 13. gr. laganna skal veita viðbót skv. þessari grein í hlutfalli við þann rétt, sem reiknaður er skv. I. kafla laganna.